

PCC Bakki Silicon hf.  
Bakkavegur 2  
640 Húsavík

Reykjavík, 30.7.2024  
UST202401-425/S.M.  
08.06.02

## Reglubundið eftirlit í PCC á Bakka

Þann 6. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í PCC á Bakka. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávíka:

1. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Umgengni á lóð er verulega ábótavant en þar ægir saman framleiðsluúrgangi, ýmiskonar byggingaúrgangi, raflögnum, tunnum og annarskonar blönduðum úrgangi.
2. Gr. 3.15 í starfsleyfi. Að minnsta kosti 1100 tonn af framleiðsluúrgangi (ónýtanlegum aukaafurðum) eru áætlaðar á lóð PCC en þær skulu að jafnaði ekki nema meiru en 900 tonnum á ári skv. ákvæðum starfsleyfisins.
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni og framleiðsluvöru utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætt á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli. Haugur af timburkurli á hráefnasvæði rekstraraðila hefur dreift sér töluvert út fyrir hráefnasvæðið.

Úrbótaáætlun var samþykkt 11. janúar 2023. Við eftirlit nú var úrbótum ekki lokið og óskar Umhverfisstofnun því eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna framangreindra frávíka.

## Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 1.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun þegar rekstur hefst. Upphaf rekstrar er þegar uppkeyrsla ofna hefst. Tilkynna skal Umhverfisstofnun, Norðurþingi og Slökkviliði Norðurþings um gangsetningu hafi rekstur verksmiðjunnar legið niðri eða ef reksturinn er gangsettur eftir að hafa verið stórlega skertur. Umhverfisstofnun barst ekki tilkynning um uppkeyrslu ofns sem hófst í janúar 2024.

**Í samræmi við 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018 óskar Umhverfisstofnun eftir tímasettri áætlun um úrbætur, annarsvegar uppfærðri úrbótaáætlun vegna eldri frávíka og hinsvegar úrbótaáætlun vegna frávíks er fram kom í eftirliti nú. Áætlunin skal berast stofnuninni eigi síðar en 20. ágúst 2024.**

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

Kristín Kröyer  
sérfræðingur